



**Slysatíðni vetrarþjónustuflokka. Ásmundur Jóhannsson, Berglind Hallgrímsdóttir, Ragnar Gauti Hauksson og Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir. Efla hf. – nóvember 2022.**

Ágrip skýrsluhöfunda:

Árið 2018 var ákveðið að auka vetrarþjónustu og háلكuvarnir á ákveðnum köflum hjá Vegagerðinni til að bæta umferðaröryggi. Kostnaður við að auka þjónustu var á þeim tíma metinn vera um 100 milljónir kr. Í ljósi þessa er áhugavert að skoða hver slysatíðni vetrarþjónustuflokka er hjá Vegagerðinni.

Erlendar rannsóknir hafa meðal annars sýnt að vegir þaktir snjó eða háلكu eru allajafna með hærri slysatíðni en ruddir vegir en hins vegar er alvarleiki slysanna ekki eins mikill. Líkleg ástæða er sú að ökumenn aka yfirleitt hægar á snjó- eða íspökum vegum. Þegar betri aðstæður myndast á vegunum, vegna betri vetrarþjónustu, auka ökumenn aksturshraðann sem verður til þess að alvarleiki slysa eykst.

Borin var saman slysatíðni vega í mismunandi vetrarþjónustuflokkum. Slysatíðni var skoðuð fyrir árdagsumferð, sumardagsumferð og vetrardagsumferð. Var þessi samanburður bæði gerður fyrir allt gagnasafn slysa gagna fyrir árin 2015-2019 og fyrir einstaka vegi fyrir sömu ár. Sökum lítils gagnasafns var ekki unnt að skoða einungis slys sem verða vegna háلكu og því geta verið aðrar aðstæður á vegunum sem hefur áhrif á slysatíðnina.

Erfitt er að draga einhverjar ályktanir út frá gagnasafninu en sökum smæðar þess var ekki unnt að skoða einungis slys sem verða vegna, til dæmis, háلكu. Niðurstöðurnar benda þó til þess að vegir með aukna vetrarþjónusta séu með lægri slysatíðni. Mögulegar ástæður geta verið þær að ökumenn ofmeta aðstæður á betur ruddum vegum og því líklegri til að aka ekki í samræmi við aðstæður, líkt og aðrar rannsóknir hafa sýnt. Einnig má ekki gleyma að vegir í hærri vetrarþjónustuflokki eru mikilvægar tengingar milli byggðarlaga og vinnusvæða og fjölgun þjónustudaga er því mikilvægur þáttur í stækkun vinnusóknarsvæða.